

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 7. júní 2024

Mál nr. E-6120/2022:

Isavia ohf.

(Hlynur Halldórsson lögmaður)

gegn

Deutsche Lufthansa AG og

(Oddur Ástráðsson lögmaður)

þb. Air Berlin PLC & Co. til réttargæslu

(enginn)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 8. desember 2022, var dómtekið 10. maí sl. Stefnandi er Isavia ohf., Dalshrauni 3, Hafnarfirði. Stefndi er Deutsche Lufthansa AG, með starfsstöð á Skøjtevej 26, Kastrup, Danmörku. Réttargæslustefndi er þrotabú Air Berlin PLC & Co. Luftverkehrs KG, Wallstrasse 14A, Berlín, Þýskalandi. Stefna gagnvart réttargæslustefnda var birt honum 20. apríl 2023.
- Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér 724.617 evrur með 7,5% ársvöxtum af 14.103,2 evrum frá 2. mars 2022 til 30. apríl 2022, en af 50.076,69 evrum frá þeim degi til 30. maí 2022, en af 85.283,37 evrum frá þeim degi til 30. júní 2022, en af 167.662,02 evrum frá þeim degi til 30. júlí 2022, en af 281.733,45 evrum frá þeim degi til 30. ágúst 2022, en af 401.995,30 [evrum] frá þeim degi til 30. september 2022, en af 535.366,13 [evrum] frá þeim degi til 30. október 2022, en af 638.260,59 evrum frá þeim degi til 30. nóvember 2022, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 31. október 2022 að fjárhæð 1.408 evrur. Þá krefst stefnandi þess að staðfest verði trygging að fjárhæð 550.000 evrur sem stefndi setti 1. desember 2022 til að fella niður stöðvun sýslumannsins á Suðurnesjum á för loftfars í umráðum stefnda af gerðinni Airbus með skráningarnúmerið DAIJE. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda.

3. Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans. Til vara krefst stefndi þess að hann verði sýknaður að svo stöddu og málskostnaður felldur niður.
4. Stefndi gerir engar kröfur til réttargæslustefnda en skorar á hann að veita sér styrk í málinu og gæta þar hagsmuna sinna. Af hálfu réttargæslustefnda var ekki sótt þing og engar kröfur gerðar.

Helstu málsatvik

5. Mál þetta á rót að rekja til þess að stefndi hefur frá febrúar 2022 neitað að greiða reikninga sem stefnandi hefur gefið út á hendur stefnda vegna þjónustu sem stefndi hefur nýtt á Keflavíkurflugvelli á sama tíma. Stefnandi er opinbert hlutafélag sem annast m.a. rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar en stefndi er þýskt flugfélag með höfuðstöðvar í Köln en útibú víða um heim, m.a. í Danmörku, sem heldur úti áætlunarflugi til Keflavíkurflugvallar og hefur þannig umráð yfir flugvélum sem hafa þar reglulega viðkomu. Stefnandi innheimtir því gjöld af stefnda samkvæmt 195. og 197. gr. laga nr. 80/2022 um loftferðir, vegna lendinga og brottfara auk annarrar þjónustu.
6. Með beiðni 15. ágúst 2017, til skiptaréttar í Charlottenburg í Þýskalandi, fór flugfélagið Air Berlin fram á að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Á þessum tíma hélt Air Berlin úti áætlunarflugi til Keflavíkurflugvallar og nam skuld félagsins við stefnanda 794.602,43 evrum. Eftir að félagið lagði inn kröfu um gjaldþrotaskipti á eigin búi og því var skipaður bráðabirgðabústjóri hélt það áfram uppi áætlunarflugi til Keflavíkurflugvallar, en staðgreiddi frá þeim tíma öll gjöld vegna þjónustu stefnanda. Aftur á móti greiddi þrotabúið engan hluta þeirrar skuldar sem stofnað var til fyrir 15. ágúst 2017. Hinn 19. október 2017 tilkynnti stefnandi að vegna vangoldinna skulda myndi hann nýta sér heimild í 136. gr. þágildandi laga nr. 60/1998 um loftferðir til að hindra brottför flugvélar þb. Air Berlin, með skráningarnúmeri DA-BDX, þar til vangoldin gjöld yrðu greidd eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Degi síðar var för loftfarsins stöðvuð og þann 30. október 2017 greiddi flugfélagið skuldina fyrir milligöngu Commerzbank með eftirfarandi fyrirvara: „Payment under reserve of insolvency contestation.“
7. Hinn 20. desember 2017 var stefnanda tilkynnt að þb. Air Berlin teldi framangreinda greiðslu frá 30. október 2017 vera riftanlega samkvæmt þar tilgreindum ákvæðum þýskra gjaldþrotaskiptalaga, sem og samkvæmt 1. mgr. 139. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Var jafnframt krafist endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem greidd hafði verið ásamt vöxtum. Stefnandi hafnaði því að greiðslan væri riftanleg með bréfi 2. janúar 2018.

8. Hinn 19. janúar 2021 var stefnanda birt stefna í máli sem þb. Air Berlin höfðaði fyrir dómi í Berlín í Þýskalandi, en krafa þrotabúsins í því máli var greiðsla á 794.602,43 evrum, auk vaxta. Stefnandi tók til varna í málinu og hafnaði bæði lögsögu þýskra dómstóla í því sem og málalíbúnaði þrotabúsins. Með dómi Landsdóms í Berlín (Landgericht Berlin) 3. desember 2021 var stefnandi dæmdur til að greiða þb. Air Berlin 794.602,43 evrur auk vaxta á þeim grundvelli að greiðsla þrotabúsins til stefnanda 30. október 2017 hafi verið riftanleg. Stefnandi óskaði eftir áfrýjunarleyfi á því máli en því var synjað með ákvörðun æðsta réttar Þýskalands 7. desember 2023.
9. Stefndi upplýsti stefnanda með tölvubrési í febrúar 2022 um að stefndi hefði fengið tilkynningu frá skiptastjóra þb. Air Berlin um að hann hefði farið fram á einhvers konar löggeymslu á kröfum stefnanda á hendur stefnda, en beiðnin byggði á fyrrnefndum dómi dómstólsins í Berlín í máli þb. Air Berlin á hendur stefnanda. Skiptastjórinn skoraði á stefnda að greiða ekki kröfur stefnanda á meðan beiðið væri eftir úrlausn kröfunnar. Vegna þessa taldi stefndi að hann gæti ekki greitt kröfu stefnanda án þess að eiga á hættu að verða gert að tvígreiða hana. Ákvað hann því að áskilja sér þann rétt að halda eftir greiðslum þar til þessari áhættu væri eytt og jafnframt ákvað stefnandi að aðhafast ekkert frekar til að innheimta hina gjaldföllnu reikninga á meðan beiðið væri fregna af framgangi beiðni skiptastjóra þb. Air Berlin.
10. Hinn 6. maí 2022 upplýsti stefndi stefnanda um að Héraðsdómstóll í Köln (Amtsgericht Köln) hefði með úrskurði fallist á kröfu þb. Air Berlin um að veita þrotabúinu tryggingu í kröfu stefnanda gagnvart stefnda. Með úrskurðinum voru kröfur stefnanda gagnvart stefnda veðsettar þar til kröfur þb. Air Berlin gagnvart stefnanda væru greiddar. Taldi stefndi því að sér væri ófært að greiða stefnanda umrædda reikninga.
11. Hinn 3. október 2022 sendi stefnandi stefnda formlega greiðsluáskorun vegna hinna gjaldföllnu reikninga og með bréfi 19. október sama ár var stefnda veittur 15 daga lokafrestur til að greiða kröfuna. Áskildi stefnandi sér rétt til þess að beita stöðvunarheimild í 198. gr. laga nr. 80/2022 ef greiðslur bærust ekki innan frestsins. Stefndi svaraði með bréfi 1. nóvember 2022 og vísaði til þess að hann teldi sér óheimilt að greiða kröfuna á grundvelli framangreinds úrskurðar dómstólsins í Köln. Stefndi upplýsti þó um að hann myndi greiða hluta af kröfunni, að fjárhæð 308.638,52 evrur, vegna öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli en stefndi taldi óvíst að sú krafa félli undir áður nefnda tryggingarráðstöfun úrskurðarins. Stefnandi svaraði stefnda með bréfi 10. nóvember 2022 og ítrekaði þar að hann teldi umræddan dómsúrskurð ekki geta haft þau réttaráhrif

að stefnda væri óheimilt eða óskýlt að greiða lögættar og óumdeildar kröfur stefnanda. Þá lagði stefnandi það til að stefndi myndi setja tryggingu fyrir greiðslu krafanna til að forða því að loftfar á hans vegum yrði stöðvað á meðan aðilar vísuðu ágreiningi sínum til úrlausnar íslenskra dómstóla. Stefndi svaraði með bréfi 18. nóvember 2022 og ítrekaði fyrri afstöðu sína, að hann gæti ekki gengið að tillögu stefnanda vegna úrskurðar dómstólsins í Köln og að hann sæi ekki fram á aðra leið en að stefnandi myndi krefjast stöðvunar á loftfari stefnda. Stefndi fór þó fram á ráðrúm til að reiða fram tryggingu til sýslumanns til að fella úr gildi stöðvun á loftfari, ef fallist yrði á beiðni stefnanda þess efnis. Þann 28. nóvember 2022 greiddi stefndi hluta skuldarinnar sem varðaði öryggisgæslu, samtals 52.295,88 evrur.

12. Með beiðni 30. nóvember 2022 fór stefnandi þess á leit við sýslumanninn á Suðurnesjum að stöðvuð yrði för loftfars stefnda til tryggingar á hluta krafna stefnanda. Málið var tekið fyrir hjá sýslumanni 1. desember 2022 og féllst sýslumaður á að stöðva loftfarið DAIJE sem þá var statt á Keflavíkurflugvelli. Stefndi reiddi þá fram tryggingu í því skyni af aflétta stöðvun loftfarsins, en hún nam 550.000 evrum. Á grundvelli 198. gr. laga nr. 80/2022 var krafa stefnanda um stöðvun loftfarsins einungis sett fram til tryggingar á þeim hluta skuldar stefnda við stefnanda sem safnast hafði upp sjö mánuðum fyrir dagsetningu fyrri greiðsluáskorunar stefnanda til stefnda, sem send var 3. október 2022. Sú skuld sem safnaðist upp fyrir það tímamark, sem og eftir að greiðsluáskorunin var send, var ekki andlag þeirrar tryggingar sem sett var í því skyni að aflétta stöðvun loftfarsins.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

13. Stefndi byggir kröfur sína á 71. gr. eldri laga um loftferðir nr. 60/1998 að því leyti sem krafan stofnaðist á gildistíma laganna og 195. og 197. gr. laga nr. 80/2022 um loftferðir. Kröfur stefnanda séu óumdeildar og viðurkenndar af stefnda, sem hafi hins vegar borið fyrir sig að sér sé beinlínis óheimilt að greiða þær, þar sem kröfurnar hafi verið gerðar að andlagi löggeymslu með úrskurði dómstóls í Köln. Telur stefnandi að málið snúi að þeim ágreiningi málsaðila hvort framangreindur úrskurður dómstólsins í Köln hafi gildi fyrir stefnanda og réttarsamband hans við stefnda, en stefnandi telur að stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að umræddur úrskurður létti með einhverjum hætti af stefnda greiðsluskyldu í réttarsambandi aðila.
14. Stefndi byggir á því að þýska dómstóla skorti lögsögu til að taka kröfu stefnanda á hendur stefnda einhvers konar löggeymslu eða ráðstafa henni með hvers konar

bráðabirgða- eða fullnustugerð. Kröfur stefnanda lúti augljóslega íslenskum lögum og sé varnarþing vegna þeirra á Íslandi. Þá sé greiðslustaður umræddra krafna á heimilisvarnarþingi stefnanda á Íslandi, jafnframt sem aðalskyldan í samningssambandi aðila sé innt af hendi á Íslandi af íslenskum lögaðila. Framangreindur dómur skurður geti því ekki haft slík réttaráhrif að stefnda sé óskýlt að greiða lögmaetar og óumdeildar kröfur stefnanda. Fjármunir stefnda séu ekki eign stefnanda fyrr en þeim hafi verið varið til greiðslu krafanna til stefnanda á Íslandi.

15. Stefnandi byggir jafnframt á því að fullnustu- og bráðabirgðagerðir gagnvart sér skuli fara fram á Íslandi og að um slíkar aðgerðir hafi íslenskir dómstólar einkalögsögu, sbr. 5. tölul. 22. gr. og 31. gr. Lúganósamningsins, sbr. lög nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.
16. Stefnandi byggir enn fremur á því að úrlausn dómstólsins í Köln geti ekki haft nokkra þýðingu fyrir réttarsamband málsaðila sem lúti íslenskum lögum og lögsögu. Fullnustu- og bráðabirgðagerðir falli utan gildissviðs Lúganósamningsins, sbr. lög nr. 7/2011, enda teljist slík mál ekki einkamál heldur stjórnisýslumál, sbr. 1. gr. samningsins. Þá megi álykta af 31. gr. samningsins að bráðabirgðagerðir falli utan gildissviðs hans og að leita verði til dómstóla í ríki með lögsögu yfir eignum aðila varðandi bráðabirgða- og tryggingarúrræði samkvæmt því sem lög þess ríkis kunna að heimila. Að mati stefnanda sé ljóst að úrlausn dómstólsins í Köln verði ekki viðurkennd hér á landi á grundvelli III. hluta Lúganósamningsins og hefði þb. Air Berlin þurft að leita til íslenskra dómstóla varðandi þá bráðabirgðagerð sem þrotabúið fór fram á í Þýskalandi.
17. Þá byggir stefnandi á því að framangreindur dómur dómstóls í Berlín verði ekki viðurkenndur hér á landi á grundvelli 1. mgr. 33. gr. Lúganósamningsins, enda sé um gjaldþrotamál að ræða sem falli utan gildissviðs samningsins, sbr. b-lið 2. mgr. 1. gr. hans. Ekki sé unnt að viðurkenna bráðabirgðagerð ef sú dómsúrlausn, sem gerðinni er ætlað að tryggja, sé ekki heldur viðurkennd.
18. Þá telur stefnandi að jafnvel þótt framangreind úrlausn dómstólsins í Köln félli undir gildissvið Lúganósamningsins yrði hún ekki viðurkennd á grundvelli III. kafla hans þar sem hún brjóti í bága við ófrávíkjanlegar reglur um varnarþing, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 7/2011, auk þess sem viðurkenning á úrlausn dómstólsins í Köln sé bersýnilega andstæð allsherjarreglu á Íslandi í skilningi 1. tölul. 34. gr. Lúganósamningsins, enda er það víðs fjarri réttarvitund á Íslandi að dómstólar taki sér lögsögu og kveði á um bráðabirgðagerðir yfir erlendum eignum erlendra ríkisborgara. Loks vísar stefnandi til þess að

hann hafi átt í viðskiptum við danskt útibú stefnda og því sé óskiljanlegt hvernig þýskir dómstólar telji sig hafa lögsögu yfir kröfu stefnanda og réttarsambandi hans við stefnda.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

19. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að úrskurður dómstólsins í Köln hafi sjálfkrafa réttaráhrif hér á landi samkvæmt lögum nr. 7/2011, um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum. Af því leiði að bann dómsúrlausnarinnar við því að stefndi greiði stefnanda hafi réttaráhrif hér á landi. Ef stefnandi myndi virða úrskurðinn að vettugi og greiða stefnanda kröfuna gæti hann átt á hættu að þurfa að greiða kröfuna aftur til þb. Air Berlin. Samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/2011 „merkir „dómur“ sérhverja ákvörðun um málsúrslit, sem tekin er af dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, hverju nafni sem hún nefnist, svo sem dóm, úrskurð eða ákvörðun um fullnustu ...“. Stefndi telur augljóst að úrskurður dómstólsins í Köln teljist vera dómur í þessari merkingu og því skuli viðurkenna hann án þess að nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar sé þörf, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 7/2011.
20. Stefndi byggir jafnframt á því, hvað varðar lögsögu þýskra dómstóla til að fjalla um kröfu þb. Air Berlin, að samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/2011 megi leita til dómstóla í ríki, sem bundið er af Lúganósamningnum, um að beita réttarúræðum til bráðabirgða, þar með töldum tryggingarúræðum, sem lög þess ríkis kunni að heimila, jafnvel þótt dómstólar í öðru ríki, bundnu af samningnum, hafi dómsvald um efni málsins.
21. Þá vísar stefndi til þess að stefnanda var birtur eða sendur hinn þýski úrskurður, með sannanlegum hætti, en að stefnandi hafi ekki freistað þess að krefjast fyrir þýskum dómstólum að áhrifum hans yrði aflétt. Telur stefndi því að stefnandi hafi látið hjá líða að hefja mál til að hnekkja úrskurðinum, sbr. 2. tölul. 34. gr. laga nr. 7/2011.
22. Stefndi mótmælir því að hinn þýski úrskurður hafi ekki réttaráhrif vegna ákvæðis 1. mgr. 33. gr. laga nr. 7/2011, enda sé ekki rétt að um gjaldþrotaskiptamál sé að ræða. Um sé að ræða tilgreinda tryggingarráðstöfun sem heimiluð er að þýskum lögum og verði beitt óháð því hver sé grundvöllur þeirrar kröfu sem krafist sé tryggingar fyrir. Vísar stefndi til þess að ágreiningur stefnanda við þb. Air Berlin, um riftanleika greiðslna, sé bæði þessu máli og þýska úrskurðinum alls óviðkomandi, þótt stefndi telji í raun að dómur þýskra dómstóla um riftun á greiðslu til stefnanda hafi einnig réttaráhrif samkvæmt Lúganósamningnum.
23. Um varakröfu stefnda, um sýknu að svo stöddu, byggir hann á því að fyrir hendi sé ómöguleiki sem leysi hann tímabundið undan efnaskyldu. Ómöguleikann byggir stefndi

á því að hann sé í augljósri áhættu á að vera látinn greiða sömu kröfuna tvisvar og gera þannig stefnanda og þb. Air Berlin skaðlausa í ágreiningi sem sé stefnda alls óviðkomandi. Þá vísar stefndi til þess að stefnandi hafi í hendi sér að aflétta ómöguleikanum með því að greiða kröfu þb. Air Berlin.

24. Stefndi mótmælir sérstaklega vaxtakröfu stefnanda. Dráttarvextir séu í eðli sínu skaðabætur og það verði ekki virt stefnda til sakar að hafa ekki þegar greitt kröfu stefnanda í ljósi þess að honum er með lögmætum úrskurði bannað að inna greiðslu af hendi. Því sé enginn bótagrundvöllur fyrir hendi. Þá vísar stefndi til 7. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Niðurstaða

25. Ágreiningur máls þessa hverfist um áhrif niðurstöðu þýsks dómstóls á réttarsamband aðila. Stefnandi, Isavia ohf., er opinbert einkahlutafélag með skráða starfsstöð og starfsemi hér á landi. Stefndi, Deutsche Lufthansa AG, er þýskt hlutafélag (Aktien-gesellschaft), með aðalstöðvar í Köln í Þýskalandi og útibú víða um heim, m.a. í Danmörku og starfsemi sem m.a. teygir anga sína til Íslands. Deila aðila snýst um skyldu stefnda til að greiða stefnanda skuld vegna ógreiddra reikninga vegna þjónustu sem stefnandi veitti stefnda á nánar greindu tímabili. Ekki er deilt um tilvist eða fjárhæð kröfu stefnanda. Stefndi telur á hinn bóginn að honum sé óheimilt eða ókleift að greiða stefnanda kröfuna þar sem réttargæslustefndi, þb. Air Berlin PLC & Co., hafi með úrskurði héraðsdómstóls í Köln öðlast tryggingaréttindi í kröfu stefnanda á hendur stefnda vegna skuldar stefnanda við réttargæslustefnda. Krafa réttargæslustefnda á hendur stefnanda byggir á niðurstöðu Landsdóms Berlínar um riftun á greiðslu til stefnanda sem fór fram eftir að bú réttargæslustefnda var tekið til gjaldþrotaskipta.
26. Í úrskurði dómstólsins í Köln, sem er frá 22. apríl 2022, kemur fram að samkvæmt dómi Landsdóms Berlínar 3. desember 2021 geti réttargæslustefndi krafist stefnanda um greiðslu skuldar að fjárhæð 794.602,43 evrur auk kostnaðar og vaxta, samtals 930.934,43 evrur. Þá segir í úrskurðinum að vegna þessarar skuldar séu kröfur skuldarans á hendur stefnda veðsettar þar til kröfur kröfuhafa hafi verið greiddar. Með nefndum dómi Landsdóms Berlínar var fallist á kröfu réttargæslustefnda um riftun á greiðslu skuldar þess við stefnanda sömu fjárhæðar.
27. Deila málsins snýst um það hvort stefndi geti með lögmætum hætti neitað að greiða óumdeilda skuld við stefnanda á grundvelli þess að honum sé það bæði óheimilt og óskýlt

þar sem réttargæslustefndi hafi fengið veð í þeirri kröfu með nefndum úrskurði dómstólsins í Köln. Ágreiningurinn snýst um það hvort úrlausn hins þýska dómstóls sé bindandi fyrir aðila og hvort á honum verði byggt við úrlausn málsins hér fyrir dómi.

28. Ísland er eitt aðildarríkja Lúganóssamningsins frá 2007 svo sem fram kemur í lögum nr. 7/2011 um Lúganóssamninginn um dómssvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum. Stefndi hefur lagt fram úrskurð um innheimtu skuldar frá dómstólum í Köln, dagsettan 22. apríl 2022. Að mati dómsins leikur enginn vafi á því að úrlausn þessi er dómur í skilningi 1. mgr. 32. gr. samningsins, sbr. lög nr. 7/2011, enda felur úrlausnin í sér ákvörðun um úrslit máls sem tekið er af dómstóli í samningsríki Lúganóssamningsins. Er því hafnað þeirri málsástæðu stefnanda að um stjórnssýslumál sé að ræða sem falli utan gildissviðs samningsins á grundvelli 1. mgr. 1. gr. samningsins i.f.
29. Jafnframt er hafnað því sjónarmiði stefnanda að úrlausnin lúti að gjaldþrotameðferð eða sambærilegri málsmeðferð og falli af þeim sökum utan gildissviðs samningsins á grundvelli b-liðar 2. mgr. 1. gr. Svo sem síðar greinir nákvæmar frá varðar úrskurðurinn kröfu sóknaraðila um tryggingarráðstöfun vegna skuldar stefnanda við þýskan lögaðila. Úrskurðurinn er kveðinn upp á grundvelli almennra réttarfarsreglna sem eru almennt tæk kröfuhöfum. Breytir það ekki þessari niðurstöðu þótt kröfuhafinn í þessu máli sé þrotabú sem æskir tryggingar fyrir greiðslu kröfu á hendur stefnanda sem byggir á riftunarreglum gjaldþrotaréttar.
30. Af framangreindu leiðir að úrlausn dómstólsins í Köln skal viðurkennd hér á landi án þess að nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar sé þörf í samræmi við meginreglu Lúganóssamningsins sem fram kemur í 1. mgr. 33. gr. samningsins nema einhverjar aðrar málsástæður stefnanda leiði til gagnstæðrar niðurstöðu eða einhver önnur skilyrði samningsins leiði til gagnstæðrar niðurstöðu.
31. Í framangreindri dómsúrlausn dómstólsins í Köln kemur fram að réttargæslustefndi, Air Berlin, eigi kröfu á hendur stefnanda, Isavia ohf., á grundvelli dóms Landsdóms Berlínar frá 3. desember 2021, samtals að fjárhæð 930.934,43 evrur. Þá segir í úrskurðinum, í þýðingu löggilts þýðanda: „*Vegna þessara krafna sem og vegna kostnaðar vegna þessa úrskurðar (sbr. kostnaðarreikning) sem og vegna kostnaðar við afhendingu þessa úrskurðar eru eftirtaldar (meintar) kröfur skuldarans gagnvart þriðja skuldara, a.m.t. kostnaði sem á eftir að stofnast til, veðsettar þar til kröfur kröfuhafa hafa verið greiddar.*“

32. Stefnandi byggir á því að þýska dómstóla „skorti lögsögu til að taka kröfu stefnanda á hendur stefnda einhvers konar löggeymslu eða ráðstafa henni með einhvers konar bráðabirgða- eða fullnustugerðum“ eins og segir í stefnu. Í þessu efni er til þess að líta að stefndi er þýskt félag með höfuðstöðvar í Þýskalandi og starfsstöðvar víða um heim. Umdeild úrlausn er kveðin upp af þýskum dómstóli, beinist að stefnda sem er þýskur lögaðili og byggir á þýskum réttarfarslögum og felur í sér að viðurkenndur er tryggingaréttur réttargæslustefnda í kröfu stefnanda á hendur stefnda. Út af fyrir sig er ekki ágreiningur um að efnisleg úrlausn um kröfu stefnanda á hendur stefnda heyrir undir íslenska dómstóla. Öfugt við það sem stefnandi heldur fram leiðir það hins vegar af reglunni sem fram kemur í 31. gr. Lúganósamningsins að dómstóll annars ríkis sem er aðili að samningum getur beitt réttarræðum til bráðabirgða, þ.m.t. tryggingaréttindum, sem varða sömu kröfu. Leiðir þetta af orðalagi ákvæðisins og er einnig í samræmi við skýringarreglur sem gefnar hafa verið út, sbr. tilkynningu í C-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins 23. desember 2009 (C 319/1). Engu breytir þótt tryggingarráðstöfunin sé óvenjuleg að því leyti að andlag hennar er krafa stefnanda á hendur þriðja aðila sem ekki er aðili að viðskiptum stefnanda og réttargæslustefnda. Þá verður ekki séð að reglan í 5. tölul. 22. gr. samningsins, sem felur í sér að dómstólar í því ríki þar sem fullnusta dóma skuli fara fram hafi einir dómsvald um fullnustu dóma, geti breytt neinu um efnislegt inntak 31. gr. svo sem sú grein er skýrð hér að framan. Úrlausn dómstólsins í Köln fjallar ekki um fullnustu dóms heldur um beitingu réttarræðis til bráðabirgða. Með framangreindum rökum er hafnað þeirri málsástæðu stefnanda að þýskir dómstólar hafi ekki haft lögsögu til að kveða upp úrskurð um umdeilda tryggingarráðstöfun eða að hafna beri viðurkenningu úrlausnarinnar með vísan til 1. mgr. 35. gr. samningsins.
33. Þá verður jafnframt að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að úrlausn dómstólsins í Köln sé bersýnilega andstæð allsherjarreglu á Íslandi í skilningi 1. tölul. 34. gr. Lúganósamningsins. Ákvæði 1. tölul. 34. gr. Lúganósamningsins er undantekningarregla, sem samkvæmt hefðbundnum lögskýringarsjónarmiðum ber að skýra þröngt. Þó ekki sé skilgreint í samningnum hvað teljist brot gegn allsherjarreglu verður samkvæmt almennri málvenju að leggja til grundvallar að hugtakið vísi til einhverra almannahagsmuna eða þarfar ríkisins fyrir að halda uppi lögum og reglu eða tryggja öryggi í réttarframkvæmd. Með öllu er vanreifað í stefnu hvernig viðurkenning hinnar þýsku dómsúrlausnar geti bersýnilega haft slík áhrif.

34. Samkvæmt öllu framangreindu er það niðurstaða dómsins að viðurkenna beri niðurstöðu úrskurðar dómstólsins í Köln frá 22. apríl 2022 fyrir réttarsamband málsaðila án þess að nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar sé þörf, sbr. 1. mgr. 33. gr. Lúganósamningsins. Þá verður fallist á það með stefnda að honum hafi verið heimilt að grípa til þeirra úrræða að halda eftir greiðslu til stefnanda til að tryggja hagsmuni sína. Fyrir liggur endanlegur dómur Landsdóms Berlínar þar sem fallist var á kröfu réttargæslustefnda um riftun á greiðslu skuldar þess við stefnanda og fyrir liggur að fullnusta á grundvelli þess dóms hefur ekki enn farið fram. Þá liggur fyrir úrlausn dómstólsins í Köln þar sem réttargæslustefndi fékk veð í kröfu stefnanda á hendur stefnda. Af forsendum úrskurðarins verður ráðið að tryggingarráðstöfunin sem dómstóllinn viðurkenndi er gerð til bráðabirgða, þ.e. hún stendur þar til útkljáður hefur verið ágreiningur stefnanda og réttargæslustefnda um kröfu þess síðarnefnda á hendur stefnanda. Stefndi er bundinn af niðurstöðu hins þýska dómstóls og getur þar af leiðandi ekki farið í bága við fyrirmæli hans án þess að eiga á hættu að baka sér bótaábyrgð og eftir atvikum refsíábyrgð. Það er ekki á færi stefnda, heldur stefnanda sjálfs, að útkljá þann ágreining sem er forsenda þess að tryggingarráðstöfunin gagnvart stefnda haldi gildi sínu. Á meðan sá ágreiningur er óútkljáður stendur tryggingarráðstöfun réttargæslustefnda gagnvart stefnda sem gerir honum ókleift að greiða óumdeilda skuld við stefnanda. Þessi aðstaða leiðir jafnframt til þess að stefnandi getur ekki með réttu krafist stefnda um vexti af kröfunni fyrir það tímabil sem ómöguleikinn varir. Með vísan til þessara aðstæðna telur dómurinn rétt að taka til greina varakröfu stefnda og sýkna hann að svo stöddu af dómkröfum stefnanda, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991.
35. Með hliðsjón af atvikum máls og þeim vafaatriðum sem eru í málinu, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, er rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.
36. Hlynur Halldórsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Oddur Ástráðsson lögmaður fyrir stefnda. Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Deutsche Lufthansa AG, er sýkn að svo stöddu af kröfu stefnanda, Isavia ohf. Málskostnaður milli aðila fellur niður.